

Heilbrigðisstofnun Austurlands

08 777

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Heilbrigðisstofnun Austurlands
kt. 610199-2839
Laugarás 17-19, 700 Egilsstöðum

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisstofnun Austurlands er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin sinnir heilbrigðisþjónustu á Austurlandi og veitir almenna heilsugæslu -, sjúkra- og hjúkrunarþjónustu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 23, 24 og 25 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 5.837,0 milljónir og afkoma kr. -336,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 45,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 900,5 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisstofnunar Austurlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Austurlands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Guðjón Hauksson
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	5.454.142.552	5.201.318.117
Seld þjónusta	3	221.191.744	224.637.455
Vörusala		3.803.397	3.837.248
Framlög og ýmsar tekjur	4	121.095.607	101.050.174
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	36.716.764	29.960.215
Tekjur samtals		5.836.950.064	5.560.803.209
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	4.167.422.094	3.641.043.425
Framlög og tilfærslur		1.480.000	191.392
Annar rekstrarkostnaður	6	1.967.326.408	1.661.760.328
Afskriftir	7	36.716.764	29.960.215
Gjöld samtals		6.172.945.266	5.332.955.360
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(335.995.202)	227.847.849
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		58.911	58.387
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(75.805)	(129.867)
		(16.894)	(71.480)
Afkoma ársins		(336.012.096)	227.776.369
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(334.532.096)	225.004.846
Rekstrartilfærslur		(1.480.000)	2.771.523
		(336.012.096)	227.776.369

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		173.161.808	183.731.692
Farartæki og vélar		19.632.835	21.815.709
		<u>192.794.643</u>	<u>205.547.401</u>
Fastafjármunir samtals		<u>192.794.643</u>	<u>205.547.401</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		49.411.479	43.250.670
Viðskiptakröfur		34.157.568	76.012.727
Tengdir aðilar	9	505.401.869	737.697.796
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	6.441.462	3.613.796
Handbært fé	11	112.261.801	47.127.474
		<u>707.674.179</u>	<u>907.702.463</u>
Veltufjármunir samtals		<u>707.674.179</u>	<u>907.702.463</u>
Eignir samtals		<u>900.468.822</u>	<u>1.113.249.864</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		45.119.669	381.131.765
		<u>45.119.669</u>	<u>381.131.765</u>
Eigið fé samtals		<u>45.119.669</u>	<u>381.131.765</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	14.966.909	22.161.952
Viðskiptaskuldir		109.479.248	118.868.505
Ýmsar skammtímaskuldir	13	372.331.302	321.958.660
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	358.571.694	269.128.982
		<u>855.349.153</u>	<u>732.118.099</u>
Skuldir samtals		<u>855.349.153</u>	<u>732.118.099</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>900.468.822</u>	<u>1.113.249.864</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(336.012.096)	227.776.369
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	36.716.764	29.960.215
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(36.716.764)	(29.960.215)
		<u>(336.012.096)</u>	<u>227.776.369</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		39.027.493	(36.743.141)
Tengdir aðilar		327.296.354	(264.015.439)
Birgðir		(6.160.809)	(8.195.576)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		40.983.385	106.687.206
		<u>401.146.423</u>	<u>(202.266.950)</u>
		<u>65.134.327</u>	<u>25.509.419</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(23.964.006)	(121.651.764)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	250.000
		<u>(23.964.006)</u>	<u>(121.401.764)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	701.764
Fjárfestingarframlag		23.104.530	120.700.000
Gjafaframlög til fjárfestinga		859.476	0
		<u>23.964.006</u>	<u>121.401.764</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		65.134.327	25.509.419
		<u>47.127.474</u>	<u>21.618.055</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>112.261.801</u>	<u>47.127.474</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2022, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Heilsugæslu-svið 08 777 101	Sjúkrasvið 08 777 111	Hjúkrunarrými 08 777 121	Samtals 2022
	Málefna svið - mála flokkur			
	24 10	23 20	25 10	
Tekjur				
Tekjufærsla fjárveitinga	2.032.742.552	1.755.500.000	1.665.900.000	5.454.142.552
Seld þjónusta	68.811.633	96.328.858	56.051.253	221.191.744
Vörusala	1.620.402	2.182.995	0	3.803.397
Framlög og ýmsar tekjur	44.749.770	74.298.859	2.046.978	121.095.607
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	15.202.913	19.597.895	1.915.956	36.716.764
Tekjur samtals	2.163.127.270	1.947.908.607	1.725.914.187	5.836.950.064
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	1.298.969.722	1.227.230.631	1.641.221.741	4.167.422.094
Rekstrartilfærslur	1.480.000	0	0	1.480.000
Annar rekstrarkostnaður	858.754.310	910.829.148	197.742.950	1.967.326.408
Afskriftir	15.202.913	19.597.895	1.915.956	36.716.764
Gjöld samtals	2.174.406.945	2.157.657.674	1.840.880.647	6.172.945.266
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(11.279.675)	(209.749.067)	(114.966.460)	(335.995.202)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	(3.119)	61.950	80	58.911
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(32.458)	(42.539)	(808)	(75.805)
	(35.577)	19.411	(728)	(16.894)
Afkoma ársins	(11.315.252)	(209.729.656)	(114.967.188)	(336.012.096)
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	(9.835.252)	(209.729.656)	(114.967.188)	(334.532.096)
Rekstrartilfærslur	(1.480.000)	0	0	(1.480.000)
	(11.315.252)	(209.729.656)	(114.967.188)	(336.012.096)
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:				
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.927.600.000	1.662.500.000	1.473.500.000	5.063.600.000
Fjáraukalög	99.800.000	7.300.000	15.900.000	123.000.000
Launbætur	21.600.000	17.700.000	15.500.000	54.800.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(16.257.448)	68.000.000	161.000.000	212.742.552
Fjárveiting til tekna	2.032.742.552	1.755.500.000	1.665.900.000	5.454.142.552
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(2.044.057.804)	(1.965.229.656)	(1.780.867.188)	(5.790.154.648)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(11.315.252)	(209.729.656)	(114.967.188)	(336.012.096)
Staða fjárveitinga 2021 í lok þess árs	72.303.852	298.597.808	3.995.057	374.896.717
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	62.468.600	88.868.152	(110.972.131)	40.364.621
Rekstrartilfærslur	(1.480.000)	0	0	(1.480.000)
	60.988.600	88.868.152	(110.972.131)	38.884.621
Fjárfestingar				
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	8.500.000	10.800.000	0	19.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	106.000.000	0	106.000.000
Fjárfesting á árinu	(9.617.019)	(8.389.832)	(5.957.155)	(23.964.006)
Styrkir veittir til fjárfestinga	46.000	332.120	481.356	859.476
Staða fjárfestingafjárveitingar	(1.071.019)	108.742.288	(5.475.799)	102.195.470
Staða fjárfestinga 2021 í lok þess árs	(2.964.691)	74.389.750	(7.843.478)	63.581.581
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2022	(4.035.710)	183.132.038	(13.319.277)	165.777.051

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Lækninga- og rannsóknatæki	10 ár
Farartæki og vélar	8 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremmis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfspáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfspáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	5.454.142.552	5.201.318.117
Tekjufærsla frestaðra tekna	36.716.764	29.960.215
	5.490.859.316	5.231.278.332

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	5.063.600.000	0	0	5.063.600.000
Fjáraukalög	123.000.000	0	0	123.000.000
Launabætur	54.800.000	0	0	54.800.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	212.742.552	0	0	212.742.552
Fjárveiting til tekna	5.454.142.552	0	0	5.454.142.552
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(5.788.674.648)	(1.480.000)	0	(5.790.154.648)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(334.532.096)	(1.480.000)	0	(336.012.096)

3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	133.114.805	135.063.070
Verksala	3.061.248	2.837.007
Ýmsar þjónustutekjur	3.573.883	3.706.882
Gjöld fyrir vistun	41.692.725	44.529.839
Veitinga- og gistipjónusta	39.480.512	37.920.750
Fræðslustarfsemi og fundir	268.571	579.907
	221.191.744	224.637.455

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	25.553.821	24.226.396
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	1.180.406
Ýmsar tekjur	95.541.786	75.643.372
	121.095.607	101.050.174

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	3.353.812.410	2.910.963.192
Orlof, breyting	45.848.438	70.443.078
Launatengd gjöld	752.112.703	652.436.650
Starfsmannakostnaður	15.648.543	7.200.505
	4.167.422.094	3.641.043.425
Meðalfjöldi stöðugilda	319,9	292,8

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	4.645.541	3.747.395
Byggingarvörur, almennar	6.545.958	3.371.364
Byggingarvörur, aðrar	159.568	280.225
Tæki og búnaður til innréttinga	5.076.423	5.542.667
Ýmis tæki og áhöld	9.390.450	7.372.292
Varahlutir og viðhaldsvörur	5.762.296	19.896.162
Orkugjafar	62.372.715	52.785.396
Matvæli	112.035.417	94.428.386
Almennar rekstrarvörur	21.831.663	13.999.121
Vörukaup, almenn	227.820.031	201.423.008
Rannsóknarstofuefni	36.497.674	44.224.372
Lyf og tengd efni	154.651.535	113.879.627
Lækninga- og hjúkrunarvörur	49.620.908	50.767.394
Sjúkrahústæki og áhöld	4.481.478	1.314.829
Kennslu- og föndurvörur	254.374	205.587
Ýmsar sérgreindar vörur	146.724	4.784
Vörukaup, sérgreind	245.652.693	210.396.593
Fundir, námskeið, risna	8.226.023	7.299.003
Ferðir, uppihald	35.722.164	32.270.819
Akstur	286.647.709	162.011.596
Sérfræðipjónusta	634.363.980	562.457.565
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	1.964.460	1.919.197
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.087.794	1.313.306
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	20.532.001	21.329.538
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	988.544.131	788.601.024
Samningsbundin kaup og leiga	1.083.005	0
Afnotagjöld	60.326.644	51.782.437
Leigugjöld	380.474.350	356.160.121
Notkun véla og flutningatækja	31.987.200	27.403.570
Verkkaup	30.938.496	26.691.113
Áhættutap og bætur	19.913	188.894
Tryggingar, lögboðnar	2.372.894	2.866.545
Opinber gjöld	2.942.105	4.442.782
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	510.144.607	469.535.462
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.967.326.408	1.661.760.328
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	31.230.558	25.258.846
Farartæki og vélar	4.931.674	4.701.369
Sölutap og úreltar eignir	554.532	0
	36.716.764	29.960.215

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	173.161.808	183.731.692
Farartæki og vélar	19.632.835	21.815.709
	<u>192.794.643</u>	<u>205.547.401</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2022	269.183.181	51.703.770	320.886.951
Viðbætur á árinu	21.215.206	2.748.800	23.964.006
Selt/úrelt á árinu	(162.605)	(750.000)	(912.605)
	<u>290.235.782</u>	<u>53.702.570</u>	<u>343.938.352</u>
Afskriftir 01.01.2022	85.451.489	29.888.061	115.339.550
Afskrift ársins	31.230.558	4.931.674	36.162.232
Selt/úrelt á árinu	391.927	(750.000)	(358.073)
	<u>117.073.974</u>	<u>34.069.735</u>	<u>151.143.709</u>
Staða 31.12.2022	<u>173.161.808</u>	<u>19.632.835</u>	<u>192.794.643</u>

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	505.393.121	737.697.796
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	8.748	0
	<u>505.401.869</u>	<u>737.697.796</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	14.966.909	22.161.952
	<u>14.966.909</u>	<u>22.161.952</u>

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	1.677.040	1.737.054
Skattar	4.764.422	1.876.742
	<u>6.441.462</u>	<u>3.613.796</u>

11 Handbært fé

Sjóðir	163.000	163.000
Tékkareikningar	111.889.854	46.756.532
Sparisjóðsreikningar	208.947	207.942
	<u>112.261.801</u>	<u>47.127.474</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 5 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	381.131.765	153.355.396
Afkoma ársins	(336.012.096)	227.776.369
Jöfnuður 31.12.	45.119.669	381.131.765

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	365.091.599	319.243.161
Önnur ógreidd gjöld	7.239.703	2.715.499
	372.331.302	321.958.660

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	192.794.643	205.547.401
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	165.777.051	63.581.581
	358.571.694	269.128.982

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	205.547.401	63.581.581	269.128.982
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	125.300.000	125.300.000
Gjafir til fjárfestinga	0	859.476	859.476
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	23.964.006	(23.964.006)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(36.716.764)	0	(36.716.764)
	192.794.643	165.777.051	358.571.694

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 27,4 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu 2023 nema kr. 399,93 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 380,34 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.